

**From:** Anna Gunnhildur Ólafsdóttir <[anna.g.olafsdottir@irn.is](mailto:anna.g.olafsdottir@irn.is)>

**Sent:** mánudagur, 20. júní 2022 16:13

**Cc:** Ester Anna Ármannsdóttir <[ester.armannsdottir@irn.is](mailto:ester.armannsdottir@irn.is)>; Anna Guðmunda Ingvarsdóttir <[anna.ingvarsdottir@irn.is](mailto:anna.ingvarsdottir@irn.is)>; Aðalsteinn Þorsteinsson <[adalsteinn.thorsteinsson@irn.is](mailto:adalsteinn.thorsteinsson@irn.is)>; [karl.bjornsson@samband.is](mailto:karl.bjornsson@samband.is)

**Subject:** Erindi til sveitarstjórnar vegna stefnumótunar í þremur málaflokkum

Ágæta sveitarstjórn.

Innviðaráðuneytið hefur ýtt úr vör vinnu við endurskoðun [stefnumótandi áætlunar í málefnum sveitarfélaga 2019-2033](#) og [Landsskipulagsstefnu 2015-2026](#) ásamt því að móta [nýja húsnæðisstefnu](#). Með hliðsjón af samþættingu áætlana innan ráðuneytisins fer gagnaöflun að hluta til fram sameiginlega vegna þessara þriggja áætlana.

Hér með er þess farið á leit að sveitarstjórnin veiti upplýsingar inn í svokallaðar grænþætur í málaflokkunum þremur með því að svara færa innlegg inn í þar til gert eyðublað á síðu stjórnarráðsins <https://minarsidur.stjr.is/> eigi síðar en mánudaginn 11. júlí. Eftir að notandi hefur skráð sig inn á vefinn, þarf hann/hún að velja valmöguleikann [Eyðublað](#) við tilheyrandi táknmynd efst á vefsvæðinu, síðan [Innviðaráðuneyti](#), [Upplýsingagjöf](#) og að lokum [Innlegg sveitarfélaga](#) til að nálgast eyðublaðið.

Grænþætur er ætlað að leggja grunn að stöðumati helstu [lögbundinna verkefna](#) og annarra helstu viðfangsefna sveitarfélagsins, greiningu áskorana, valkosta og tækifæra í uppfærslu stefnumótunar stjórnvalda á þessum sviðum.

Athygli er vakin á því að ekki verður vitnað í einstaka svör í grænþætur heldur er litið á innlegg frá hverju sveitarfélagi fyrir sig sem verðmætan þátt í því að draga fram heildarmynd um stöðu, áskoranir og tækifæri sveitarstjórnarstigsins á þessum sviðum.

Óskað er eftir að umfjöllunin sé greinargóð og hnitmiðuð, byggist á tiltækum upplýsingum, reynslu og framtíðarsýn sveitarfélagsins í málaflokkunum.

Virðingarfyllst,

Anna Gunnhildur Ólafsdóttir.

**Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, sérfræðingur**

Innviðaráðuneyti / Ministry of Infrastructure

Sölvhólgötu 7, 101 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 8200

<http://www.irn.is> - [Fyrirvari/Disclaimer](#)